

MARK Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsókna Skýrsla stjórnar 2013

Stjórn og ráðgjafarráð

Aðalfundur MARK var haldinn 27. september 2012 kl. 15.00 í fundarherberginu á 3. hæð í Odda. Ekki var kosið til stjórnar þar sem stjórnarkjör var 2011 og kjörtímabil stjórnarmanna var ekki runnið út.

Á aðalfundinum 27. September 2013 var kosið í ráðgjafarráð MARK sem skipað er áhugafólki og hagsmunaaðilum á starfssviði miðstöðvarinnar. Hlutverk þess að vera stjórn til ráðgjafar og stuðnings við starfsemi hennar. Kristín Ástgeirsdóttir framkvæmdastýra Jafnréttisstofu baðst undan setu í ráðinu. Í ráðið voru kjörin Hugrún Hjaltadóttir sérfræðingur á Jafnréttisstofu, Margrét Steinarsdóttir framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands og Ólafur Elínarson ráðgjafi hjá Capacent. Fyrir sátu í ráðgjafarráðinu Halldóra Gunnarsdóttir sérfræðingur á Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar og Kristján Sturluson, sviðsstjóri á bæjarskrifstofu Hafnarfjarðar (áður framkvæmdastjóri Rauða Kross Íslands).

Stjórnarfundir voru tveir á tímabilinu, 6. maí 2013 og 4. júní 2013. Stjórnin hélt samráðsfund 22. apríl 2013. Ekki var haldinn sérstakur fundur með ráðgjafarráði en ráðgjafarráð er sérstaklega boðað á samráðsfundi.

Starfsemi

Daglegri starfsemi MARK hefur verið sinnt af formanni stjórnar. MARK hefur á starfsárinu átt samstarf við fjölmarga aðila bæði innan og utan Háskólans, um málþing og fyrirlestra, umsóknir og verkefni. Nokkur rannsóknarverkefni fræðafólks á Félagsvísindasviði voru unnin undir hatti MARK bæði innlend og í erlendu samstarfi. Þá hefur MARK tekið þátt í innlendum og alþjóðlegum umsóknum um rannsóknarstyrki. MARK heldur úti tveimur póstlistum, annars vegar mark@hi.is sem er almennur listi fyrir auglýsingar og tilkynningar og hins vegar markspjall@hi.is sem er umræðuvettvangur fyrir stjórn, ráðgjafarráð og velunnara. Heimasíða MARK www.mark.hi.is er notuð til að auglýsa starfsemi miðstöðvarinnar, svo sem viðburði, samstarfsfólk á Félagsvísindasviði sem og til að vekja athygli á skýrslum fræðafólks á sviðinu. Formaður stjórnar hefur haldið utan um vefmál og greitt tilfallandi kostnað, svo sem kostnað af vefsvæði MARK kr. 1.000,- á mánuði. MARK er ennfremur á Facebook með slóðina <http://www.facebook.com/MarkHaskoliIslands>.

Þann 8. maí 2013 boðaði rektor Háskóla Íslands formann stjórnar á sinn fund. Þar boðaði rektor að hún vildi styrkja MARK fjárhagslega um upphæð sem nemur hálfum starfsmanni í þrjú ár. Í framhaldinu bað formaður stjórnar um fund með formanni borgarráðs Reykjavíkur, Degi B. Eggertssyni, og var hann haldinn þann 10. júní. Formaður stjórnar lagði fram

rökstudda ósk um samsstarfssamning við borgina þar sem borgin styddi MARK fjárhagslega um upphæð sem nemur hálfum starfsmanni gegn því að vinna skilgreind verkefni fyrir borgina.

Viðburðir: Fyrirlestrar, málþing

Haldnir voru 18 viðburðir á starfsárinu, ýmist af MARK eingöngu eða í samstarfi við aðra aðila. Á vormisseri 2013 tók MARK þátt í fyrirlestraröðinni „Fæðingarorlof og foreldrajafréttir“ með RBF og Félagsráðgjafardeild. Aðrir samstarfsaðilar á starfsárinu voru Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar, Rannkyn, Félagsfræðingafélag Íslands, Femínistafélag Íslands, Afríka 20:20, Samtökin 78. Viðburðirnir eru vel sóttir og var dagskráin sem hér segir:

9. október 2012. Jafnréttisdagar HÍ: Hanna Björg Vilhjámsdóttir og Svandís Anna Sigurðardóttir: „Þögnin er aldrei hlutlaus“ Opinn umræðufundur um jafnréttisfræðslu í grunn- og framhaldsskólum, í samvinnu við Rannkyn og Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar.

26. október 2012. Þjóðarspejill: ráðstefna um félagsvísindi – málstofur MARK.

7. nóvember 2012. Ásta Snorradóttir: Bankastarfsfólk eftir hrun.

14. nóvember 2012. Valdís Björt Guðmundsdóttir: „Þetta er ekki bara hlýðni“: Sjálfssímyndarsköpun múslímakvenna.

21. nóvember 2012. Gerður Bjarnadóttir: Gæsir og veiðimenn: Um kyn í skáldsögum Auðar Övu Ólafsdóttur.

16. janúar 2013. David Evans: Kynfræðsla og kynheilbrigði: Normalisering fyrir hagsmuni heildarinnar? [Sex Education and Sexual Health: Normalisation for the greater good?]

7. febrúar 2013. Ingólfur V. Gíslason: Feður, mæður og fæðingarorlof - lög og nýting. Málstofa í samvinnu við RBF.

28. febrúar 2013. Málþing: Unga fólkið og klámmenningin: kynfrelsi eða kynfjötrar? Málþing í samvinnu við Félagsfræðingafélag Íslands. Grand Hótel Reykjavík.

7. mars 2013. Herdís Sólborg Haraldsdóttir: Frá vöggu til leikskóla. Áhrif jafnréttisstefnu og opinberra stjórntækja á foreldra ungra barna. Málstofa í samstarfi við RBF. Háskólatorg.

11. mars 2013. Elín Ösp Gísladóttir: „Allt, allt öðruvísi en ég hafði ímyndað mér.“ Viðhorf og reynsla íslenskra kvenna af brjóstagjöf. Árnagarður 301.

14. mars 2013. Á sömu bylgjulengd? Málþing og tónleikar MARK og Femínistafélags Íslands. Háskólatorg (HT-101) og Stúdentakjallarinn.

20. mars 2013. Málþing: Hinsegin, trans og kynjaflækjur. Málþing í samvinnu við Samtökin 78, Askja N-132.

4. apríl 2013. Málstofa: Málstofa um Malí í samstarfi við Afríka 20:20. Háskólatorg 101.

16. apríl 2013. Þorgerður Einarsdóttir: Hrun og heimsmet í kynjajafnrétti? Femínískir lærdómar á kosningavori. Oddi 201.

18. apríl 2013. Guðný Björk Eydal: Fæðingarorlof á Norðurlöndum: Er Ísland fremst meðal jafningja? Málstofa í samstarfi við RBF. Oddi 101.

16. maí 2013. Málstofa: Á ferð og flugi um Afríku sunnan Sahara. Málstofa í samvinnu við Afríku 20:20. Oddi 201 kl. 17.10-18.20.

3. júní 2013. Tine Rostegaard: Danish Parental Leave – the consequences of abolishing the father's quota. Málstofa og morgunkaffi í samstarfi við RBF. Oddi 101.

20. ágúst 2013. Ann Shola Orloff: Kyn, velferð og leiðir úr kreppum. Málstofa RBF og Félagsráðgjafardeildar í samstarfi við MARK og Jafnréttisstofu. Oddi 101, kl. 12:10 to 13:00.

Reykjavík 27. ágúst 2013

f.h. stjórnar MARK Miðstöðvar margbreytileika og kynjarannsókna

Þorgerður Einarsdóttir